



Samningur um umsjón og rekstur friðslýstra svæða

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður gera með sér svofeldan samning um umsjón og rekstur friðlýstra svæða með vísun í 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

1. gr.

Samningurinn tekur til umsjónar og rekstrar á eftirfarandi friðlýstum svæðum:

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrenni í Öxarfjarðarhreppi skv. auglýsingu nr. 457/1996
Herðubreiðarfriðland skv. auglýsingu nr. 272/1974.
Askja í Ódáðahrauni skv. auglýsingu nr. 194/1978.
Hvannalindum skv. auglýsingu nr. 32/1973.
Lónsöræfi skv. auglýsingu nr. 31/1977.
Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu skv. auglýsingu nr. 181/2003.

Með samningi þessum lýsir Vatnajökulsþjóðgarður því yfir að hann muni framfylgja
friðlýsingarskilmálum eins og þeim er lýst í viðeigandi auglýsingum. Umsjón og rekstur
svæðanna skal vera í samræmi við auglýsingar um friðlýsingu hvers svæðis.

2. gr.

Leyfi til framkvæmda

Komi ekki annað fram í friðlýsingu þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta
er á að spilt verði friðlýstum náttúrumuinjum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

3. gr.

Almenn ákvæði

Við landvörsu skal þess gætt að ráða ef við á aðila með menntun landvarða.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur umsjón með og rekur hin friðlýstu svæði sbr. 1. gr. og ber
Umhverfisstofnun engan kostnað vegna þeirra.

4. gr.

Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að Vatnajökulsþjóðgarður uppfylli
samningsskuldbindingar sínar. Vatnajökulsþjóðgarður ber að skila eigi síðar en 1. október hvers
árs skýrslu um umsjón og rekstur á þeim svæðum sem falla undir samning þennan.

5. gr.
Gildistaka

Samningur þessi öðlast þegar gildi.

F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs

Auðna Kv. Ólafsdóttir

F.h. Umhverfisstofnunar

Kristin L. Þorlithir

Umhverfisráðuneytið, 6. júní 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir